



REGLUGERÐ

Leiðtogaskóli Íslands (LSÍ) er afrakstur samvinnu aðildarfélaganna LUF sem vildu bregðast við eftirspurn eftir hagnýtu námi og heildstæðri þjálfun ungs fólks sem eru þátttakendur í félagastarfi. Skólinn var sameignlega þróaður af aðildarfélögum árið 2015. Hann var formlega stofnaður þann 26. janúar 2016 og fyrsti árgangur skólans útskrifaðist þann 9. október 2016.

- 1. Leiðtogaskóli Íslands (LSÍ)** er rekinn af Landssambandi ungmennafélaga (LUF) og er í eigu aðildarfélaganna LUF.
- 2. Kjörorð** skólans er „Lýðræði og mannréttindi í verki“.
- 3. Tilgangur** LSÍ er að vera sameiginlegur fræðsluvettvangur aðildarfélaganna LUF til að þjálfa persónulega hæfni, efla tengslanet, deila reynslu, auka getu og valdefla ungt fólk á Íslandi.
- 4. Markmið** LSÍ er að efla leiðtogahæfni og valdefla ungt fólk í félagasamtökum með því að:
 - 4.1.** Veita ungu fólki nauðsynleg verkfæri og hagnýta fræðslu til að þekkja, æfa, vernda og efla eigin réttindi.
 - 4.2.** Virkja mannauðinn innan aðildarfélaganna LUF og veita þeim stuðning í hagsmunastarfi, nýsköpun og láta hugmyndir verða að veruleika.
 - 4.3.** Auka starfshæfni og atvinnumöguleika ungs fólks með því að skapa tækifæri til þess að meta/viðurkenna óformlegt nám og stuðla að því að félagsstarf verið metið að verðleikum í námi og starfi.
 - 4.4.** Hvetja til samstarfs aðildarfélaganna, koma í veg fyrir tvíverknað og tryggja virkni smærri félaga sem stríða við auðlindaskort.
- 5. Þjálfarateymi LUF** (LUF's Pool of Trainers - PoT) samanstendur af reyndum þjálfurum innan LUF og aðildarfélaganna. Teymið er gagnagrunnur af hæfum þjálfurum sem aðildarfélögin geta óskað eftir námskeiðum frá eftir þörfum gegn vægu gjaldi. Leiðbeinendur námskeiða í LSÍ samstanda af meðlimum úr teyminu. Þjálfarar þurfa að uppfylla eftirfarandi hæfniskröfur:
 - 5.1.** Vera á aldrinum 16-35 ára. Því LUF leggur áherslu á jafningjafræðslu og miðar við aldurstakmarkið sem sett er félagsmönnum aðildarfélaganna í 21. gr. samþykka LUF um kjörgengi til stjórnar.
 - 5.2.** Vera félagsmaður aðildarfélaganna LUF.
 - 5.3.** Hafa reynslu af ungmenna-, hagnuna- og/eða félagsstörfum innan aðildarfélaganna LUF.
 - 5.4.** Hafa reynslu af því að leiða vinnustofur og/eða námskeið.
 - 5.5.** Hafa getu til að flytja fyrirlestur og/eða halda vinnustofu á einhverju sviði sem nýtist félagsmönnum aðildarfélaganna LUF.

- 5.6. Að hafa áður komið að námskeiðshaldi í LSÍ eða að hafa útskrifast úr LSÍ verður metið sem kostur.
6. **Stjórn LSÍ** samanstendur af fimm einstaklingum; Rektori LSÍ (fyrrverandi formanni LUF), framkvæmdastjóra LUF, Yfirþjálfara þjálfarateymis LUF, stjórn LUF skipar einn á 1. stjórnarfundum og fulltrúaráð LUF skipar einn á 1. fulltrúaráðsfundi. Starfstímabil stjórnar LSÍ er eitt ár sem hefst frá 1. fulltrúaráðsfundi LUF. Hlutverk stjórnar LSÍ er að;
- 6.1. Tryggja að skólinn starfi í samræmi við lög, stefnu, framkvæmdaáætlun og siðareglur LUF.
- 6.2. Tryggja að reglulegt gæðamat fari fram, einkum innleiðing á hæfnislíkani (e. Competence model for trainers) Evrópusambandsins sem þróað var samhliða Evrópsku þjálfarastefnunni (e. European training strategy) til að gæta að gæðastjórnun.
- 6.3. Fara yfir umsóknir og velja í þjálfarateymi LUF og leiðtogaskólann.
- 6.4. Tryggja að skólinn sé fjármagnaður á hverju ári.
- 6.5. Gerir tillögur að eftirfarandi og leggur fyrir stjórn LUF eigi síðar en fyrir lok maí ár hvert:
- 6.5.1. Skipulagi náms: uppstillingu á þjálfurum fyrir hvert námskeið og nákvæmri stundatöflu með dagsetningum. Æskilegt er að fulltrúaráð samþykki stundatöflu skólans endanlega.
- 6.5.2. Fjárhagsáætlun skólans.
- 6.5.3. Tímakaupi þjálfara sem taka að sér námskeið í LSÍ og setur upp verðskrá einstakra námskeiða sem fulltrúa úr þjálfarateymi LUF taka að sér utan leiðtogaskólans. Aðildarfélögin greiða ávallt minna en aðilar utan LUF.
- 6.6. Vakta alþjóðleg tækifæri fyrir fulltrúa þjálfarateymisins til að stuðla að endurmenntun þjálfarateymis og framþróun skólans.
7. **Námsframboð** skal mæta þörfum aðildarfélaga LUF. Þannig veitir LUF aðildarfélögunum þá þjónustu og þann stuðning sem þau sjálf telja að þau þurfi. Nýta skal þekkinguna sem er til staðar innan aðildarfélaga LUF. Skólann skal halda í a.m.k. 18 klst. á ári, auk útskriftar.

SAMÞYKKT Á SAMBANDSPINGI 28. FEBRÚAR 2019